

KRAFTAVERK OG MAGNANAFRÆÐI

(Das Wunder und die Epagogik)

The discovery of the vital charge, the vital field of force, the law of determinants, interstellar communication, makes an end of mysticism — and negativism.

I

Hr. Árni Ó. Árnason á þökk skilið fyrir fróðlega grein um hinn stórfræga franska lækni Emile Coué. En vara vil ég við því að ímynda sér, að hin algenga skýring á hinum mjög frægu lækningum hans, sé rétt. Menn eru aldrei veikir af ímyndun einni, og ímyndanir duga heldur ekki til að lækna þá. Það, sem um ræðir, er nokkurskonar hleðslu- eða magnanaraðferð. Ladungstechnik hefi ég kallað það í bréfum til þýskra manna (um Yoga, sem er aðferð til að hlaða sig með ýmsum tegundum orku; en ófróðir eru þó hinir indversku spekingar um hið eiginlega eðli þeirra íþróttu, sem þar í landi hafa stundaðar verið um svo margar aldir). Ég hefi skrifast á um þetta við M. Coué, og eftir því sem hann skrifar mér, þá er hann sjálfur ekki fjarri því að gera ráð fyrir, að einnig utanaðkomandi magnan, komi til greina við lækningarnar, sem minna mjög á það, sem menn hafa kallað kraftaverk.

II

Í vor verða 27 ár síðan ég fór að leitast við að skilja hvað svefninn er. Og eftir svo langa viðleitni á að skilja, segi ég það alveg hiklaust, að í svefni er líkaminn magnaður eða hlaðinn af orku, sem kemur að utan. Allir hafa reynt hin bætandi og læknandi áhrif þessarar orku, en engum eru þau eins ljós og þeim, sem hálfu æfina hefir orðið að vera án

þeirra að miklu leyti. Svefnleysi hefir í för með sér ýmiskonar þrautir og verki; fáist stundarsvefn, þá eru verkirnir horfnir, þegar maðurinn vaknar, en koma svo aftur þegar vakað er.

Pegar fundin er þessi magnan af utanaðkomandi orku, sem verður í svefni, og ennfremur er að því gætt, hvernig allur eða mestallur bati í veikindum, verður meðan sofið er, þá skilst að hinan svo nefndu kraftaverkalækningar eru ekki neitt yfirnáttúrlegt, eða alveg sérstætt. Kraftaverkin verða, af því að auka má til muna, slíka magnan, sem vanalega verður í svefni. Þesskonar lækningar verða, nú á dögum, svo að mjög er frægt, þar sem Lourdes heitir á Suður-Frakklandi. — Blind augu fara að sjá, fúasár hverfa á svipstundu og heilt hold kemur í staðinn, o. s. frv. Lækningar þessar eru svo vel vottfestar, að það virðist ekki unnt að rengja þær. En sá mjög alvarlegi galli er þó á, að það er ekki nema 6—7 sinnum ár hvert, sem slík lækning tekst. Af öllum þeim grúa, sem sækir þangað til, í von um lækning, verða flestir að fara svo burt, að þeir hafa enga bót fengið. Sýnir þetta, að eitthvað meir en lítið bogið muni vera við aðferðina. Því að ekki verður ráð fyrir því gert, að María mey sé svo miskunnarlítil, að hún vilji aðeins örfáum líkna. En henni er lækningarnar þakkaðar líkt og samskonar lækningar voru til forna þakkaðar ýmsum goðum og gyðjum, sem enginn trúir á nú, þó að ekki þurfi að efra, að átrúnaður formanna, hefir ekki verið með öllu ástæðulaus.

III

Skilyrðið fyrir því, að kraftaverk geti orðið, virðist vera það, að margra traust og áhugi fari saman. Það þarf að treysta bæði á þá veru sem á að fá samband við, og eins á leiðtoga nokkurn hér á jörðu. Það verður að vera það sem kalla mætti stillihóp eða stillahóp, body of determinants, sbr. stillilögmál, law of determinants. Stillihópurinn er í Lourdes, oft mjög fjölmennur, jafnvel svo tugum þúsunda skiptir, og þar að auki koma til greina allar þær mörgu milljónir af kaþólskum mönnum, víðsvegar um lönd; en

samt takast ekki þessi kraftaverk eða lífmagnanarlækningar nema örsjaldan. Ástæðan virðist vera sú, að vanþekkingin er svo mikil, hugmyndirnar svo rangar. Að því er virðist mega ráða af kraftaverkasögum, fæst fremur árangur, ef þeir sem helst stilla sjúklinginn til hinnar læknandi magnanar, eru læknar. Það virðist því engin ástæða til að halda, að læknisþekking þurfi eða megi falla niður, jafnvel þó að lífgeislalækningar yrðu mjög algengar, eins og óefað verður. Mér þykir svo mikið til læknanna koma, að mér er það ánægja, að gera þeim þann greiða, að benda á þetta, og þess er ekki með öllu vanþörf, eins og t. d. þeir munu skilja, sem hafa lesið grein í enska vikublaðinu „Outlook“ í haust, um kraftaverkalækningar mjög miklar, sem sagðar voru gerast á Englandi.

IV

Þegar fundin er svefnmagnanin, þá skiljum vér að lífið sjálft er magnan eða hleðsla. Utanaðkomandi kraftur tengir svo saman efni úr jörðinni, að úr verður líkami, lifandi, skynjandi og vitandi. Líkaminn er stöð til að taka á móti magnan og senda frá sér geisla, og ég hygg að áhuginn á líkamsfræði, anatomi, muni aukast enn til muna, þegar menn fara að skilja þetta. Sjálft orðið líkami er mjög eftirtektarvert, og minnir á fyrirmynnda- og eftirlíkingafræði Platóns, og hina náskyldu tilsvaranafraði Swedenborgs — (scientia correspondentiarum) — líkami þýdir líkur hamur, og orðið á sennilega rót sína í þeirri hugsun, að mannslíkaminn eigi sér fyrirmendir í goðheimum.

Sú kenning, að lífið sé magnan, er grísk; epakton gar zóe, segir Plótín, og hefir þeim orðum verið lítill gaumur gefinn af heimspekkisögufræðingum. Og í setningu, sem eignuð er höfuðspekingnum Pythagoras, segir að krafturinn, sem magnar til lífs, komi frá stjörnunum: apo tón astrón tas psykhas tón zón feresþai. Pythagoras segir, að sálar dýranna berist (eða komi) frá stjörnunum. (Filosofúmena, 6. bók, 25. kafli.) Að vísu er ekki tekið fram, að sálarinnar í hinum lifandi verum á jörðu hér, séu neisti eða geislan frá sálum

lifandi vera sem aðrar stjörnur byggja; en þó má segja, að þarna séu frumdrögin að lífgeislanarkenningunni um uppruna lífsins (Theory of the bioradiative origin of life). Það er vert að geta þess, að ég hefi ekki séð minnst á þessa stórmerkilegu setningu Pythagórasar í neinni heimspekisögu, sem ég hefi haft handa á milli. Ég hefi fundið hana, í riti því sem oft er nefnt eins og áður segir, og ranglega hefir verið eignað kirkjuföðurnum Origines, en nú talið vera eftir Hippolytos biskup. Og það er annað, sem vert er að geta um. Þegar Íslendingar rita um uppruna lífsins, eins og Steingrímur Matthíasson læknir, í heilsufræði sinni, og Pálmi Einarsson kennari, í annars mjög virðingarverðri grein, í blaði ungmannafélaganna, Skinfaxa (okt. og nóv. '23), þá forðast þeir að minnast á, að það er til íslensk kenning um þetta efni, lífgeislanarkenningin. En ef til vill getur mönnum sem álita það sjálf sagt að meta íslenska kenningu einskis, orðið það hjálp til að meta kenninguna réttar, að vita að frumdrög hennar eru grísk.

V

Ef vér höfum dálítið yfirlit, þá sjáum vér, að lífið á jörðu hér er vanskapnaður og misskapnaður, að líkja við atrennu, sem alltaf mistekst. — Og verst hefir sköpun mannsins tekist, maðurinn er dýrið ófarsæla, animal infelix. En þó er tilgangurinn farsæld og fullkomnun. Til þess er verið að reyna að stefna, að hin lífgandi magnan verði svo fullkomin, að líkaminn skemmist ekki né eyðileggist. Eða með öðrum orðum, að þjáning og dauði hverfi. Munur sá, sem á mönnunum verður, eftir magnanarstiginu, er afar mikill. Með sérstökum aðferðum geta menn í Austurlöndum, án þess að vita þó sjálfir hvað það er, sem þeir eru að gera, magnað sig svo, að þeir ganga á glóandi steinum án þess að brenna, og stíga á hnífseggjar án þess að skera sig. Ég sé enga ástæðu til að rengja sögusögn menntaðra Englendinga, sem sjónarvottar hafa verið að slíku, eða jafnvel sjálfir reynt. Og er þá líka trúlegt, að sögurnar um berserki, sem hræddust „hvártki eld né egg,“ eigi við samskonar rök að styðjast. Þar

hefir tekist að magnast fram yfir það sem vanalegt er. Þar er ofurmagnan. En vanti svefn, þá er vanmagnan, og fylgir slíku mikil bölvun, þegar brögð eru að. Hefir þar minnstu munað, að þrautir þær, sem ég hefi átt í af slíkum sökum, eyðilegðu líf mitt. En skjótt mun þeim vandræðum lokið verða, þegar almennt verður farið að taka á greindinni gagnvart mér, svo að mér fer að verða unnt að fá samband við mínar frumstöðvar. Og eigi einungis mínum vandræðum mun þá lokið verða. Þegar nógum margir verða samhuga í að meta kenningu mína rétt, vita, að það er sannleikur, sem ég er að boða, þá er komið á hina réttu leið. Þá er stefnt að því takmarki að sigra þjánинг og dauða. Þá verður snúið sér að því með vaxandi krafti, að fegra og fullkomna lífið, svo að ekki séu framar menn, heldur guðir og gyðjur, verur, sem skína af fegurð og lífsafli, og fer aldrei aftur, en alltaf fram.

18. jan. '24.